

Foreldrafélag leikskólans Sólgarðs

Starfsreglur foreldrafélags leikskólans Sólgarðs

Foreldrafélagið er hugsað sem tengiliður foreldra og starfsfólks leikskólans. Markmið þess er eins og fram kemur í lögum og reglugerð um starfsemi leikskóla

<http://www.althingi.is/lagas/135b/2008090.html>, að stuðla að velferð barnanna og kappkosta að efla alhliða þroska þeirra í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins.

Foreldrafélagið og foreldraráð er vettvangur foreldra til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi starfið á leikskólanum.

1. grein

Foreldrafélagið heitir Foreldrafélag Sólgarðs og eru félagar allir foreldrar og forráðamenn barna í Sólgarði.

2. grein

Markmið félagsins er að:

- efla samstarf heimilis og leikskóla
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi leikskólamál
- efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsmenn leikskólans
- koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál í samráði við leikskólann
- tryggja sem besta velferð barna í leikskólanum

3. grein

Kosning í foreldrafélag fer fram á aðalfundi í september ár hvert. Hver deild skal eiga a.m.k. einn fulltrúa og einn til vara.

4. grein

Fulltrúar í foreldrafélagi skipta með sér verkum (formaður, varaformaður og ritari) á fyrsta fundi félagsins eftir kosningar hverju sinni.

5. grein

Meðal verkefna sem félagið stendur fyrir ár hvert eru uppákomur s.s. sumarhátíð.

7. grein

Foreldrafélag ritar fundargerðir sem skulu sendar leikskólastjóra sem sér um að birta þær á vef leikskólans. Fundir skulu fara fram eins oft og þurfa þykir.

Reglur þessar voru endurskoðaðar 15. nóvember 2015